

Fundargerð

Miðvikudaginn 29.04.2026 var Stjórnarfundur Sorpsamlags Strandasýslu ehf. haldinn á skrifstofu Sorpsamlagsins að Skeiði 3, Hólmavík.

Fundinn sátu fulltrúar Strandabyggðar og Kaldrananeshrepps. Þorgeir Pálsson, Sigríður G. Jónsdóttir frá Strandabyggð og Finnur Ólafsson frá Kaldrananeshreppi og ásamt starfsmönnum Sigurður Marinó Þorvaldsson og Sverrir Guðbrandsson sátu fundinn.

Finnur Ólafsson ritar fundargerð á tölvu.

Fundur settur kl.14:00. Framkvæmdarstjóri Sigurður M. Þorvaldsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Afgreiðsla lánasamnings við Lánasjóð Sveitarfélaga
2. Önnur mál

Var þá gengið til dagskrár.

1. Afgreiðsla lánasamnings við Lánasjóð Sveitarfélaga

Stjórnarformaður lagði fram drög að lána samningi.

Ákvörðun um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga:

Stjórn *Sorpsamlags Strandasýslu* samþykkir hér með á fundi sínum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. **21.000.000,-** kr. samkvæmt þeim lánaskilmálum sem í boði eru þegar lánið er tekið. Lántakan getur verið í formi skammtímaláns, sem forvera langtímaláns, eða sem langtímalán í þeim skuldabréfaflokkum sem Lánasjóðurinn býður hverju sinni. Stjórn *Sorpsamlags Strandasýslu* hefur kynnt sér skilmála viðkomandi skuldabréfaflokka eins og þeir birtast á heimasíðu Lánasjóðsins. Samþykkið nær jafnframt til undirritunar lánasamnings og þess að *Sorpsamlag Strandasýslu* taki á sig þær skyldur sem þar greinir.

Lánið er tekið til **fjármögnuna framkvæmda og bílakaupa**. Um er að ræða verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Jafnframt er **Þorgeiri Pálssyni, stjórnarformanni Sorpsamlagsins kt 100463-5989**, veitt fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita lánasamning við Lánasjóðs sveitarfélaga f.h. **Sorpsamlags Strandasýslu**, sem og til að móttaka, undirrita, gefa út og afhenda öll skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökunni.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu lánsins – þ.m.t. höfuðstól, vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum, uppgreiðslugjaldi og öðrum kostnaði – veita **Strandabyggð, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur** einfalda ábyrgð, sbr. heimild í 1. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. **Strandabyggð, Kaldrananeshreppur og Árneshreppur setja** jafnframt til tryggingar tekjur sínar, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, til veðsetningar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál.

- a) Stjórnarformaður leggur til að haldið verði opið hús í byrjun júní, til að kynna starfsemina.

Borið upp og samþykkt.

Engin önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundargerð lesin upp og samþykkt
Fundi slitið kl. 14:15